



Framteljandi

Nafn	Kennitala	Heimili
Nafn	Kennitala	Sveitarfélag

Kafli A - Kaup á hlutabréfum

 hér skal gera grein fyrir keyptum hlutabréfum og stofnfjárbréfum í sparisjóðum á árinu 2005

1. Nafn hlutafélags/sparisjóðs	2. Kennitala félags	3. Kaupdagur	4. Kennitala seljanda	5. Nafnverð	6. Kaupverð
Samtals					

rsk.is
Reiknustuðla fyrir jöfnunarverðmæti hlutabréfa er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra rsk.is. Þar er einnig að finna reiknivél fyrir útreikning á meðal-kaupverði.

Kaupár	Stuðull
1984	4,1545
1985	3,2285
1986	2,5140
1987	2,1315
1988	1,7989
1989	1,4715
1990	1,2350
1991	1,1632
1992	1,1497
1993	1,1150
1994	1,0949
1995	1,0608
1996	1,0000

Kaupverð
Ef hin seldu bréf voru keypt 1997 eða síðar færast upphaflegt kaupverð þeirra í dálk 8, án framreiknings. Upphaflegt kaupverð hlutabréfa, sem keypt voru 1996 eða fyrr, er framreiknað með þeim stuðli sem gildir fyrir viðkomandi kaupár. Kaupverðið er fært framreiknað í dálk 8. Ef jöfnunarverðmæti bréfanna er hærra er það notað í staðinn. Útreikningurinn skal sýndur í töflu á bakhlið. Þar er einnig nánari umfjöllun um kaup- og sölverð.

Kafli B - Sala á hlutabréfum

 hér skal gera grein fyrir seldum hlutabréfum og stofnfjárbréfum í sparisjóðum á árinu 2005

1. Nafn hlutafélags/sparisjóðs	2. Kennitala félags	3. Kaupár	4. Kennitala kaupanda	5. Sölugdagur	6. Nafnverð	7. Sölverð (sjá skýringar)	8. Kaupverð (sjá skýringar)	9. Söluhagnaður/sölutap (dálkur 7 - dálkur 8)
Samtals								

Sérstök hlutabréf teljast hlutabréf sem voru keypt á árunum 1990-1996 og veittu rétt til skattafrádráttar. Hagnaður af sölu þessara bréfa er skattfrjáls að hámarki kr. 367.625 hjá einstaklingi og kr. 735.250 hjá hjónum. Ef í samtölu í dálk 9 er meðtalin söluhagnaður sérstakra hlutabréfa þarf að reikna skattskyldan söluhagnað þeirra bréfa með því að fylla út reiti 10, 11 og 12.

← Sérstök hlutabréf

10. Söluhagnaður sérstakra hlutabréfa	11. Fritekjumark, bó ekki hæri fjárhæð en í reit 10	12. Mismunur á reitum 10 og 11
+	-	=
Söluhagnaður annarra hlutabréfa mismunur á dálki 9 og reit 10		13. +
Samtals skattskyldur söluhagnaður sem færast á framtal í reit 164 í lið 3.8		14. =

Kafli C - Útreikningur á kaupverði seldra hlutabréfa sem keypt voru fyrir árslok 1996

1. Nafn hlutafélags/sparisjóðs	2. Kennitala félags	3. Kaupár	4. Upphaflegt kaupverð	5. Verðbreytingarstuðull	6. Framreiknað kaupverð (dálkur 4 x dálkur 5)	7. Jöfnunarverðmæti (sjá skýringar)	8. Kaupverð (hærrí fjárhæðin úr dálki 6 eða 7)

Kafli D - Skýringar

Gera skal grein fyrir kaupum og sölu hlutabréfa og stofnfjárbréfa í sparisjóðum á eyðublaðinu RSK 3.09 og láta fylgja með framtali. Innborgun hlutafjár við stofnun hlutafélags eða við hlutafjárukningu jafngildir kaupum á hlutabréfum og skal því gera grein fyrir innborguninni (kaupunum) á þessu eyðublaði. Samkvæmt lögum nr. 90/2003 fer söluhagnaður hlutabréfa í 10% skattþrep.

Söluhagnaður/sölutap

Hagnaður eða tap á sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði og kaupverði. Nánari skilgreiningar á kaup- og söluverði eru hér á eftir.

Tap af sölu hlutabréfa er heimilt að draga frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári.

Á söluhagnað af hlutabréfum er lagður 10% fjármagnstekjuskattur en ekkert útsvar.

Söluhagnaður færist í reit 164 í lið 3.8 á framtali. Sölutap færist ekki á framtal.

Kaupverð hlutabréfa sem keypt voru fyrir árslok 1996 - jöfnunarverðmæti eða framreiknað kaupverð

Við sölu á hlutabréfum sem framteljandi eignaðist fyrir árslok 1996 hefur hann val um hvort hann miðar kaupverð við jöfnunarverðmæti hlutabréfanna eða framreiknað kaupverð. Jöfnunarverðmætið er margfeldi nafnverðs þeirra hlutabréfa sem verið er að selja og jöfnunarstuðuls félagsins. Þá skal nota nafnverð eins og það var í árslok 1996, en jöfnunarhlutabréf sem kunna að hafa verið gefin út síðar teljast ekki til nafnverðs í þessu sambandi.

Listi með stuðlum fyrir jöfnunarverðmæti er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra rsk.is/hlutabref. Ef nafn félags er ekki að finna á þeim lista er stuðullinn 1,0000. Stuðla fyrir framreiknað kaupverð frá 1984 er að finna á framhlið eyðublaðsins. Stuðla fyrir eldri ár er að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra, rsk.is/hlutabref.

Kaupverð hlutabréfa sem keypt hafa verið á undirverði

Hafi starfsmaður hlutafélags keypt hlutabréf í félagi á undirverði, þ.e. verði sem er lægra en markaðsverð, telst mismunur á kaupverði og markaðsverði til launatekna. Mismunurinn færist sem önnur hlunnindi í 2.2. á framtali, en markaðsverðið telst kaupverð og færist í dálk 6 í kafla A á framhlið þessa eyðublaðs.

Þegar þessi hlutabréf eru seld færist þannig ákvarðað kaupverð, þ.e. markaðsverð eins og það var á kaupdegi, í dálk 8 í kafla B á framhlið þessa eyðublaðs.

Keypt hlutabréf samkvæmt kaupréttarsamningi

Hafi starfsmaður gert kaupréttarsamning við félagið sem hann starfar hjá gilda sérreglur um skattlagninguna. Kaupverðið færist í dálk 6 í kafla A á eyðublaðinu RSK 3.09. Skattlagning kemur fyrst til við sölu bréfanna ef um söluhagnað er að ræða og fer þá eftir almennum reglum um söluhagnað hlutabréfa. Til að falla undir þessa tegund skattlagningar þurfa bæði hlutafélagið og starfsmaðurinn að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. þarf hlutafélagið að fá staðfesta kaupréttaráætlun hjá ríkisskattstjóra.

Kaupverð hlutabréfa - niðurfært kaupverð

Hafi kaupverð verið fært niður, vegna söluhagnaðar áður seldra hlutabréfa eins og heimilt var á árunum 1996-2001, skal þannig niðurfært kaupverð lagt til grundvallar við ákvörðun söluhagnaðar.

Kaupverð hlutabréfa við samruna félaga

Kaupverð hlutabréfa sem framteljandi hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 51. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa sem hann lét af hendi.

Meðalkaupverð

Þegar ákvarða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda. Nánari skýringar á út-

reikningi meðalkaupverðs er að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra, rsk.is/hlutabref. Þar er einnig að finna reiknivél fyrir útreikning á meðalkaupverði. Ekki þarf þó að reikna út meðalkaupverð þegar maður selur öll hlutabréf sem hann á í tilteknu félagi.

Hlutabréf sem veittu rétt til skattafrádráttar seld áður en eignarhaldstíma er náð

Réttur til frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri gilti til og með tekjuárinu 2002. Þeir sem nýttu sér þennan rétt vegna kaupa á hlutabréfum þurfa að eiga bréfin yfir 5 áramót. Séu bréfin seld innan þess tíma, öll eða hluti þeirra, skal tekjufæra áður fenginn frádrátt.

Þegar áður fenginn frádráttur er færður til tekna af þessum sökum er tekjufærslan skráð í ótölusettan reit í lið 2.3 á framtali.

Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir sölu önnur hlutabréf í hlutafélagi fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var og félagið er skráð í kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir séu keypt hlutabréf í hlutafélagi sem er með hlutafé a.m.k. að fjárhæð kr. 22.000.000, fjöldi hluthafa a.m.k. 25 og fyrir liggur að engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningur er öllum aðgengilegur. Þá gildir þetta einnig um afhendingu hlutdeildarskírteina í stað hlutabréfa sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði VIII í lögum nr. 90/2003, sbr. 4. mgr. þess ákvæðis.

Sé kaupverð hlutabréfa sem keypt voru í staðinn lægra en söluverð hinna seldu bréfa skal tekjufæra áður fenginn frádrátt hlutfallslega. Dæmi: Seld eru hlutabréf á árinu 2005 sem veittu frádrátt frá tekjuskattstofni á framtali 2003 að fjárhæð kr. 160.000. Söluverðið var kr. 500.000 og keypt voru hlutabréf í staðinn fyrir kr. 400.000 eða 80% af söluverði. Tekjufæra skal þá 20% af áður fengnum frádrætti og færa í ótölusettan reit á framtali, eða kr. 32.000.